

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
ÍPRÓTTASKOR



KNATTSPYRNUÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Unnar Þór Garðarsson
Sveinn Þórðarson

SAGA OG FÉLAGSFRÆÐI ÍPRÓTTA
NÓVEMBER 2001

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Upphaf félagsins.....	2
Evrópska knattspyrnuþjálfarafélagið (UEF).....	12
Lokaorð.....	15
Heimildaskrá.....	16

Inngangur

Knattspyrna hefur lengi verið vinsælasta íþróttagrein okkar íslendinga og jafnframt sú fjölmennasta. Og því hefur þörfin fyrir vel menntaða þjálfara verið mikil innan greinarinnar. Ekki hafa þó alltaf verið menntaðir þjálfarar við störf en með tilkomu þjálfarafélagsins lagaðist þetta þónokkuð. Í þessari ritgerð um Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands rekjum við upphaf og sögu félagsins eftir bestu getu og komum einnig inn á þátt þess í stofnun Evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins.

Við viljum sérstaklega þakka Bjarna Stefáni Konráðssyni fyrrverandi formanni félagsins, sem er eins og spjaldskrá um sögu félagsins og útvegaði okkur flestar heimildirnar sem við notuðum, einnig viljum við þakka núverandi formanni félagsins Sigurði Þóri Þorsteinssyni fyrir upplýsingar og almenn liðlegheit.

Upphaf félagsins.

Knattspyrnuþjálfarfélag Íslands (KÞÍ) var stofnað 13. nóvember 1970 í Austurbæjarskólanum í Reykjavík. Á fundinn mættu 21 þjálfari auk 5 fulltrúa KSÍ og í þeim hópi var þáverandi formaður og aðalhvatamaður að stofnun Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands (KÞÍ), Albert Guðmundsson. Með Alberti frá KSÍ voru Árni Ágústsson framkvæmdastjóri og tækninefndarmenn sambandsins þeir Reynir G. Karlsson, Óli B. Jónsson og Helgi V. Jónsson. Mikill einhugur og áhugi voru fyrir stofnun félagsins og vildu menn strax marka stefnu félagsins. Bráðabirgðalög fyrir félagið voru samþykkt og markmiðum félagsins lýst. Markmið félagsins eru að auka áhuga á knattspyrnuþjálfun og ýta undir að allir þjálfarar hafi undirstöðumenntun til starfa sinna. Helstu verkefni félagsins voru að mati fundarmanna:

- Að sameina knattspyrnuþjálfara í eitt félag.
- Að auka menntun þjálfara.
- Að koma á fræðslu og kynningarfundum með þjálfurum.
- Að koma upp bóka- og kvikmyndasafni um knattspyrnuþjálfun.
- Að stuðla að betri nýtingu þeirra námskeiða sem tækninefnd KSÍ og ÍKÍ gangast fyrir.
- Að hafa sem mest og best samstarf við tækninefnd KSÍ um þau mál er að þjálfun lúta.

(Afmælisblað KÞÍ 1981:1-4)

Fyrsta stjórn KÞÍ sem kjörin var á þessum fundi var skipuð:

- Sölvi Óskarsson, formaður.
- Reynir G. Karlsson, varaformaður.
- Örn Steinsen, ritari.
- Lárus Loftsson, varastjórn.
- Ríkarður Jónsson, varastjórn.

Strax í upphafi var farið í að kynna félagið með ýmsum hætti t.d. í fjölmiðlum og með bréfaskrifum til knattspyrnufélaganna. Efnt var til fræðslufunda fyrir þjálfara,

fréttablað gefið út, “opið hús” þar sem starfsemi félagsins var kynnt og einnig fræðslufni fyrir þjálfara, könnuð var þörf fyrir þjálfara hjá félögunum og reynt að hafa samband við þjálfara sem hugðust taka að sér þjálfun. Aðstaða félagsins var á skrifstofu KSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Töluvert samstarf var milli KÞÍ og tækninefndar KSÍ um að kynna þá fræðslustarfsemi sem var í gangi hverju sinni. Í desember 1971 var haldinn fundur þar sem frummælendur voru þeir þjálfarar sem sótt höfðu námskeið og ráðstefnur erlendis á árinu og þótti sá fundur hafa tekist vel þrátt fyrir lélega mætingu á hann. KÞÍ komst að samkomulagi við KSÍ um að námsefni 1. og 2. stigs þjálfaranámskeiða yrði endur- bætt og komið í takt við nýja tíma og náðist gott samband við þjálfarafélög í nágrannalöndunum um þetta mál og þá sérstaklega dönsku, þýsku og austurrísku þjálfarafélögin. Unnið var í því að fá erlenda þjálfara til að vera með námskeið hér á landi og má þar nefna að Allan Wade frá enska knattspyrnusambandinu kom á öðru starfsári félagsins í samvinnu við Tækninefnd KSÍ. Þá kom einnig danski leikmaðurinn og þjálfarinn Henning Enoksen og var með námskeið úti á landi. Árgjald félagsins var til að byrja með 500 krónur og fyrir það fengu menn einnig fréttablað KÞÍ. Í nóvember 1971 voru bráðabirgðalög félagsins samþykkt og þau öðluðust endanlegt gildi. Þau eru eftirfarandi:

1.grein.

Félagið heitir Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands. Aðsetur þess er í stór-Reykjavík. Skammstafað KÞÍ.

2. grein.

Félagið skal vera félag knattspyrnuþjálfara á Íslandi með eigin fjárhag, lög og reglur.

3. grein.

Markmið félagsins eru að auka áhuga á knattspyrnuþjálfun og stuðla að því, að allir þeir, er við þjálfun fást, hafi hlotið undirstöðumenntun.

4. grein.

Félagið skal kappkosta að eiga sem bezt samstarf við alla þá, er vinna að uppgangi og útbreiðslu knattspyrnunnar. Störf KPÍ eru í meginatriðum:

- i. Að auka menntun þeirra manna, er starfa að tilsögn og þjálfun í knattspyrnu.
- ii. Að sameina alla knattspyrnuþjálfara í eitt félag, sem vinni að hagsmunamálum þjálfara.
- iii. Að koma á fræðslufundum og kynningarfundum meðal þjálfara.
- iv. Að koma upp kvikmynda- og bókasafni um knattspyrnuþjálfun. Stjórn félagsins setur reglur um útlán.

Að vinna að betri nýtingu þeirra námskeiða, sem Tækninefnd KSÍ og Íþróttakennaraskóli Íslands gangast fyrir og stuðla að því, að sem best samstarf sé við Tækninefnd KSÍ um öll þau mál, sem að þjálfun lúta.

5. grein.

Innganga í félagið skal öllum heimil, er lokið hafa 1.stigs prófi knattspyrnuþjálfara hérlendis eða eru með sambærilega menntun erlendis frá.

6. grein.

Stjórn félagsins skipa formaður, gjaldkeri og ritari og 2 til vara og skulu þeir kosnir á aðalfundi. Í forföllum formanns gegnir ritari formennsku. Varamenn skal ætíð boða á fundi.

7. grein.

Stjórnarfundir boðar formaður, þegar hann eða meirihluti stjórnar telur nauðsynlegt. Ákvarðanir stjórnar öðlast gildi með einföldum meirihluta.

8. grein.

Árgjald félagsmanna skulu ákveðin á aðalfundi hverju sinni. Aðeins skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

9. grein.

Aðalfundur félagsins skal haldinn annaðhvert ár í febrúar eða marsmánuði.

Auglýsa skal aðalfund með þriggja vikna fyrirvara með auglýsingu í dagblöðum.

Reikningsár KBÍ er almanaksárið. Rétt til setu á aðalfundi eiga félagsmanna stjórn og varastjórn KSÍ. Hafa þessir aðilar málfrelsi og tillögurétt.

10. grein.

Störf aðalfundar:

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Formaður félagsins flytur skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
5. Lagabreytingar
6. Kosning:
 - a. Kosinn formaður.
 - b. Kosinn gjaldkeri
 - c. Kosinn ritari
 - d. Kosnir tveir menn í varastjórn
 - e. Kosnir tveir endurskoðendur
7. Önnur mál
8. Fundi slitið

11. grein.

Tillögur um að leggja KBÍ niður, eða breyta lögum þess má aðeins taka á aðalfundi, þar sem minnst helmingur félagsmanna er viðstaddur og $\frac{3}{4}$ hluti fundarmanna greiðir tillögunni atkvæði.

12. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nóvember 1970

(Fréttablað KPÍ 1971, 2.tbl: 20-21)

Eins og sjá má voru menn duglegir á fyrsta ári í að gera ýmsa hluti þrátt fyrir að ekki væri þátttakan alltaf sem skyldi. En auðvitað er fyrsta árið í svona félagi alltaf erfitt, mikið brautryðjendastarf í gangi og vinna í að sannfæra menn um að þeir hafi einhvern hag af því að vera í svona félagi. Það virðist ekki alveg hafa tekist í byrjun að fá menn til að taka þátt í því sem verið var að gera en stjórnarnamenn héldu samt áfram ótrauðir í því að vinna sína vinnu. Óbreytt stjórn var í félaginu tvö fyrstu árin og eru að nokkru leyti upp talin verk þeirrar stjórnar hér á undan. Þegar litið var yfir farinn veg tveimur árum eftir stofnun félagsins urðu menn fyrir nokkrum vonbrigðum. Sumir þættir starfseminnar voru í miklum blóma s.s. útgáfa fréttablaðs og fræðsluefnis af ýmsu tagi en aðrir þættir eins og þátttaka þjálfara í fræðslu- og umræðufundum var alltof lítil og menn voru hreinlega ekki nógu áhugasamir um vöxt og framgang félagsins.

Næsta stjórn félagsins leitaði af þessum sökum margra ráða til að efla félagið á allan hátt og var Þórhallur Stígsson kjörinn formaður. Meðal verkefna sem sú stjórn fór í, var að fá fram sama rétt og verkalyðsfélög hafa í sambandi við erlent vinnuafli. Þeir fóru semsagt fram á það að erlendir þjálfarar sem kæmu hingað til lands að þjálfra yrðu að sækja um atvinnuleyfi óskaði KPÍ eftir því. Haldið var áfram að halda námskeið og voru menn nú farnir að hafa þau meira verkleg að enskri fyrirmynd. Eitt af þessum námskeiðum var með George Kirby þjálfara ÍA, þar sem að mestu leyti var farið í verklega kennslu. Félagið, undir stjórn Þórhalls, lagði áherslu á að sterkt þjálfarfélag væri allri knattspyrnuíþróttinni til mikils gagns. Árið 1976 er aftur kosið í stjórn KPÍ og verða þá töliverðar breytingar á stjórninni því að helmingur þeirra sem fyrir voru í stjórn KPÍ gáfu ekki kost á sér til stjórnarstarfa aftur. Meðal þeirra breytinga sem urðu á stjórninni voru formannsskipti þar sem Eggert Kr. Jóhannesson var kosinn formaður. Stjórn Eggerts endurvakti útkomu Knattspyrnuþjálfarablaðsins, en hún hafði legið niðri í

nokkurn tíma, einnig var efnt til félagsfunda og komið á námskeiðum í meðferð meiðsla í samráði við tækninefnd ÍSÍ (Afmælisblað KPÍ, 1981:1-4)

KPÍ var líka farið að beita sér í því að vera tengliður í ráðningu þjálfara og/eða aðstoðaði knattspyrnufélögin við að komast í samband við þjálfara. KPÍ var virkt á ýmsan hátt við vinnu ýmissa námskeiða sem voru haldin af Tækninefnd KSÍ.

KPÍ er einn að stofnendum Knattspyrnuþjálfarafélags Evrópu (UEF). Viðræður um stofnun UEF hófust árið 1977. 11. janúar árið 1980 sendi KPÍ tvo fulltrúa á stofnfund UEF sem haldinn var í Vín Austurríki. Nánar verður rætt um UEF seinna í ritgerðinni.

Árið 1981 var haldin afmælishátíð til að fagna 10 ára afmæli KPÍ og voru um 120 manns viðstaddir hátíðarhöldin. Heiðursgestir hátíðarinnar voru meðal annarra “faðir” félagsins Albert Guðmundsson, Hannes Þ. Sigurðsson varaformaður ÍSÍ, Ellert B. Schram formaður KSÍ ásamt fleirum. Við þessi tímamót voru eftifarandi menn heiðraðir gullmerki KPÍ, sem veitt var nú í fyrsta sinn í sögu félagsins: Albert Guðmundsson, Árni Ágústsson, Sölvi Óskarsson, Hannes Þ. Sigurðsson, Sveinn Björnsson, Örn Steinsen, Ellert B. Schram, Þórhallur Stígsson, Lárus Loftsson, Óli B. Jónsson, Reynir G. Karlsson og Karl Guðmundsson. Einnig voru afhent silfurmerki KPÍ.

Árið 1987 barst Reyni G. Karlssyni bréf frá Fritz Buchloh þar sem Buchloh lýsti áhyggjum sínum á því að ekkert samband væri á milli KPÍ og UEF og að KPÍ hafði ekki greitt árgjald UEF árin 1985, 1986 og 1987, var Buchloh að vona að það myndi lagast. Buchloh, sem var mikill Íslandsvinur, var að vona að UEF gæti haldið aðalfund sinn einhvern tímann á Íslandi. Honum varð aldrei að ósk sinni því hann lést fyrir þremur árum.

Ekki var félagið mjög virkt á níunda áratugnum og fram á þann tíunda. Það var ekki fyrr en að Logi Ólafsson, Guðjón Þórðarson og Kristinn Björnsson fóru á aðalfund UEF í byrjun árs 1993 að eitthvað fór að gerast. Þar tóku þeir þátt í stjórnarkosningu, höfðu þeir lofað norskum frambjóðanda til formanns atkvæði sínu, norðmaðurinn vann með atkvæðum Íslendinganna, en atkvæði þeirra var dæmt ógilt þar sem félagsgjöld UEF höfðu ekki verið greidd síðustu 2-3 árin. Eftir að Logi, Guðjón og Kristinn komu heim unnu þeir hörðum höndum við að endurlífga félagið, komu þeir að máli við Bjarna Stefán Konráðson og báðu hann að taka að sér formennsku í KPÍ. Bjarni vildi ekki taka við þessu verkefni nema að kallaður yrði saman aðalfundur þar sem stjórn KPÍ með Sigurð Þorsteinsson í

fararbroddi myndi ganga frá sýnum málum og ný stjórn löglega kosinn. KÞÍ var endurlífgað í apríl 1993. Í nýrri stjórn voru Bjarni Stefán Konráðson, formaður, Haukur Hafsteinsson, varaformaður, Hörður Helgason, gjaldkeri, Bjarni Jóhannsson, ritari og Kristinn Björnsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru Guðjón Þórðarson og Logi Ólafsson.

Eftir að ný stjórn tók við var ákveðið að einbeita sér til að byrja með að einföldum verkefnum s.s.

- að uppfæra lista yfir félagsmenn og alla starfandi þjálfara á landinu, sendu bréf til knattspyrnufélaga landsins og óskað eftir nöfnum starfandi þjálfara en heimtur á því voru slæmar, einnig var ákveðið að allir sem væru að þjálfra gætu gengið í félagið hvort sem þeir hefðu tekið námskeið á vegum KSÍ eður ei, en fá tvö ár til að ná sér í lágmarksréttindi sem KÞÍ setur fyrir inngöngu.

- að koma á samstarfi við KSÍ og við þær nefndir sem tengjast starfi KÞÍ, héldu stjórnir KÞÍ og KSÍ nokkra fundi. KSÍ veitti KÞÍ myndarlegan fjárstuðning

- að tryggja fjárhagslegan grundvöll félagsins því að fyrri stjórn skildi eftir sig þó nokkuð af skuldum, meðal annars var farið fram á það við UEF að skuldir KÞÍ yrðu felldar niður

- að veita þjálfurum aðstoð og ráðgjöf um skattamál þeirra, stjórnin var aðallega að safna að sér upplýsingum um hvernig best væri að haga sér í þessum málum erlendis og hér á landi.

(sbr Fótboltinn nóv 1993)

Stjórn KÞÍ endurskoðaði öll lög félagsins árið 1993. Rekstur félagsins gekk brösulega allt fram til 1999 þegar ný stjórn tók við. Var sá vandi aðallega fólgin í fjárhagslegum vandræðum, s.s. að erfitt reyndist að fá félagsgjöld greidd og erfitt reyndist að fá styrktaraðila til liðs við sig. Samstarf félagsins við KSÍ var einnig nokkuð brösótt á köflum og var það að mörgu leyti vegna persónulegra mála innan stjórna beggja félaga, mál sem ekki verður farið í hér.

Árið 1996 hóf KÞÍ að veita viðurkenningar til knattspyrnuþjálfara sem þóttu hafa skarað framúr í efstu deild karla og kvenna og yngri flokkum.

Þjálfari ársins í efstu deild karla:

1996	Guðjón Þórðarson og Ólafur Jóhannesson
1997	Bjarni Jóhannsson
1998	Bjarni Jóhannsson
1999	Atli Eðvaldsson

2000 Bjarni Jóhannsson

Knattspyrnuþjálfari ársins í efstu deild kvenna:

1996 Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir

1997 Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir

1998 Jörundur Áki Sveinsson

1999 Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir

2000 Jörundur Áki Sveinsson

Knattspyrnuþjálfarar ársins í yngri flokkum:

1996 Sigurður Þórir Þorsteinsson

1997 ?

1998 Jónas Baldursson

1998 Valgeir Freyr Sverrisson

1998 Elísabet Gunnarsdóttir

1998 Erna Þorleifsdóttir

1999 Björn Bjartmarz

1999 Magnús Einarsson

2000 Guðlaugur Baldursson

2001 Hörður Guðjónsson

Stjórn KBÍ hefur verið skipuð eftirtöldum aðilum síðan 1996:

Stjórn KBÍ 1996

Formaður Bjarni Stefán Konráðsson

Varaformaður Logi Ólafsson

Gjaldkeri Kristinn Björnsson

Ritari Bjarni Jóhannsson

Meðstjórnandi Leifur Helgason

Varamaður Halldóra V. Sigurgeirsdóttir

Varamaður Kristinn Rúnar Jónsson

Stjórn KBÍ 1997

Formaður Bjarni Stefán Konráðsson

Varaformaður	Bjarni Jóhannsson
Gjaldkeri	Leifur Helgason
Ritari	Halldóra V. Sigurgeirsdóttir
Meðstjórnandi	Kristinn Björnsson
Varamaður	Atli Eðvaldsson
Varamaður	Sigurður Þórir Þorsteinsson

Stjórn KBÍ 1998

Formaður	Bjarni Stefán Konráðsson
Varaformaður	Bjarni Jóhannsson
Gjaldkeri	Sigurður Þórir Þorsteinsson
Spjaldskrárritari	Kristinn Björnsson
Ritari	Halldóra V. Sigurgeirsdóttir
Meðstjórnandi	Þorlákur Már Árnason
Meðstjórnandi	Guðjón Þórðarsson

Stjórn KBÍ 1999

Formaður	Sigurður Þórir Þorsteinsson
Varaformaður	Bjarni Jóhannsson
Gjaldkeri	Ómar Jóhannsson
Spjaldskrárritari	Magnús Pálsson
Ritari	Helena Ólafsdóttir
Meðstjórnandi	Þorlákur Már Árnason
Meðstjórnandi	Elísabet Gunnarsdóttir

Stjórn KBÍ 2000-2001

Formaður	Sigurður Þórir Þorsteinsson
Varaformaður	Bjarni Jóhannsson
Gjaldkeri	Ómar Jóhannsson
Spjaldskrárritari	Magnús Pálsson
Ritari	Elísabet Gunnarsdóttir
Meðstjórnandi	Njáll Eiðsson
Meðstjórnandi	Jóhann Gunnarsson

(KBÍ 2001)

Eins og sjá má á þessari upptalningu hafa þetta mikið til verið sömu aðilarnir í stjórn félagsins síðustu ár. Og eru okkar þekktustu þjálfarar þar á meðal.

Evrópska knattspyrnuþjálfarafélagið

KPÍ er eitt af stofnfélögum Evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins (UEF). Þannig var að þjálfarafélög voru að spretta upp um alla evrópu og héldu þau oft stór og vegleg námskeið fyrir þjálfara sína og buðu þá gjarnan þjálfurum frá öðrum löndum til þátttöku á þeim líka. Fulltrúar frá KPÍ höfðu sótt nokkur slík námskeið og haft góða reynslu af. Á þessum fundum var oft rætt um það hversu mikilvægt væri að þjálfarar víðsvegar í Evrópu héldu góðu sambandi sín á milli og komu menn þá með uppástungur um að reyna að koma á fót sameiginlegu félagi sem gæti stuðlað að þessu sambandi. Á þjálfarafundum í Mið-Evrópu (Austurríki, Þýskalandi og Lúxemborg t.d.) var þetta mikið rætt og stofnuðu Mið-Evrópu menn á endanum undirbúningsnefnd að Evrópska knattspyrnuþjálfarafélaginu. Í nefndinni áttu sæti Franz Leidl formaður (Austurríki), Fritz Buchloh gjaldkeri (frá Þýska knattspyrnu- sambandinu) og góðvinur okkar íslendinga auk þess sem að þarna voru þjálfarar frá Danmörku og Lúxemborg. Undirbúningsnefndin undirbjó síðan stofnun félagsins og þótti standa sig með afbrigðum vel og höfðu meðal annars útbúið merki, fána og gert drög að bráðabirgðalögum. Nefndin boðaði síðan til stofnfundar þann 12. janúar 1980 í “Haus des sports” í Austurríki. Öll knattspyrnuþjálfarafélög/sambönd sem nefndin vissi um voru boðuð til fundarins auk þess sem fundurinn var kynntur knattspyrnusamböndum allra evrópulandanna.

Stjórn KPÍ fylgdist vel með gangi mála í undirbúningsferlinu og var í góðu sambandi við undirbúningsnefndina og þótti mönnum hér á landi, vera í uppsiglingu stórt og mikið tækifæri fyrir íslenska þjálfara. Stjórnin ákvað því að senda 3 fulltrúa sem var síðar fækkað niður í 2 fulltrúa sökum mikils kostnaðar. Fulltrúarnir sem fóru voru Reynir G. Karlsson sem hafði ágæta þýsku kunnáttu og Lárus Loftsson stjórnarmaður.

Á stofnfundinn í Austurríki voru mættir fulltrúar frá 8 þjóðum og voru þær auk Íslands, Austurríki, V-Þýskaland, Holland, Danmörk, Lúxemborg, Sviss og Spánn. Sendinefndir frá Skotlandi og Kýpur höfðu forfallast rétt fyrir fundinn og töldum menn sig vera nokkuð vissar um að þjóðirnar yrðu orðnar 15 talsins innan

skamms, eftir bréfaskriftir við fulltrúa viðkomandi landa. Fundurinn hófst snemma dags og ávarpaði Franz Leidl formaður undirbúningsnefndarinnar samkomuna. Hann talaði meðal annars um það hversu mikilvægt væri að þjálfarar fylgdust vel með örri þróun íþróttarinnar og hversu mikið svona samtök gætu bætt samstarf austurs og vesturs. Fritz Buchloh talaði um að stofnfundurinn væri einskona myndun vinnuhóps til að koma félaginu á laggirnar. Ákveðin verkefni voru sett fyrir til næstu þriggja ára og eftir þau átti að endurskoða allt starf félagsins, og byggja það á fenginnu reynslu félagsins. Hann talaði um mikilvægi þess að allar þjóðirnar væru jafnar og að félagsgjaldið yrði lágt þannig að allir myndu ráða við það og var lagt til að það yrðu um 1000 svissneskir frankar. Einn fulltrúi hverrar þjóðar var valinn sem tengiliður stjórnar við viðkomandi land og varð Reynir G. Karlsson fyrir valinu hjá íslensku sendinefndinni.

Tillögurnar sem undirbúningsnefndin hafði komið fram með að bráðabirgðalögum voru samþykktar og urðu þannig að lögum félagsins og það var þar með formlega stofnað. Undirbúningsnefndin var kosin fyrsta stjórn félagsins og framkvæmdastjóri valinn Lothar Maurer frá Þýska þjálfarafélaginu.

Félagið heitir á frummálinu “Union Europäischer Fußball-Trainer (UEF)”.

Fyrstu verkefni Evrópusambandsins sem KÍÍ átti aðild að voru:

- a) Námskeið fyrir knattspyrnuþjálfara sem haldið var í Trier í Vestur Þýskalandi og sóttu það þeir Lárus Loftsson, Þröstur Guðjónsson og Örn Eyjólfsson.
- b) Ráðstefna um unglíngaknattspyrnu og knattspyrnukennslu í skólum sem fram fór í Mattersburg, Neustadt og Eisenstadt í Austurríki. Ráðstefnu þessa sótti fyrir hönd KÍÍ hinn júgóslavneski þjálfari sem búsettur er hér á landi, Mile Krsta Stanojev.

(Afmælisblað KÍÍ 1981: 25-28)

Einnig voru á þessum tíma (1981) í undirbúningi námskeið í Lúxemborg og ráðstefna um knattspyrnu í tengslum við HM á Spáni 1982. Stjórn KÍÍ hefur alla tíð lagt mikið kapp á að vera í UEF til að halda góðu sambandi við þjálfara í Evrópu og til að hvetja íslenska þjálfara til að ná sér í meiri þekkingu. Strax í upphafi höfðu menn áhyggjur um áframhaldandi veru KÍÍ í UEF sökum fjárskorts og fámennis félagsins og reyndust þessar áhyggjur á rökum reistar því töluvert basl hefur á tíðum verið að ná saman í félagsgjöldin, og sér ekki fyrir endann á því enn þann dag í dag. Svona lítið

félag verður reyndar líklega alltaf þyggjandi í svona þekkingarskiptum en hin löndin sýndu áhuga á að halda samstarfinu áfram sökum mikillar elju meðlima KÞÍ. Í UEF eru eingöngu sjálfstæð félög knattspyrnuþjálfara og er KÞÍ því eini aðilinn hér á landi sem getur annast tengsl við þetta samband. Það er því undir ákvörðun stjórnar KÞÍ komið hvort íslenskir þjálfarar verða með í þessu samstarfi knattspyrnuþjálfara fjölmargra Evrópuþjóða. (Afmælisblað KÞÍ 1981: 28)

Lokaorð.

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands er mikilvægur hlekkur í keðju knattspyrnunnar á Íslandi. Það er þó greinilegt að ekki hafa allir gert sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er, má þar nefna lélega þátttöku og lítinn áhuga fyrstu árin og á ýmsum tímabilum seinna meir. Sérstaklega finnst okkur þáttaka KSÍ ekki vera nægileg seinni árin, má þar nefna að KSÍ ætti að geta, miðað við allar sínar tekjur, borgað árgjald KPÍ í UEF. Þar erum við að tala um einhverjar 200-300 þús. krónur sem eru erfiðar litlu félagi en ættu ekki að vera það fyrir stórt batterí eins og KSÍ. En það er auðvitað ekki okkar að ákvarða slíka hluti, en engu að síður finnst okkur að KSÍ mætti halda þessu félagi aðeins hærra á lofti þar sem þeir óneitanlega njóta góðs af því. En það má alls ekki tala illa um KSÍ að öllu leyti því að formaður þess átti á sínum tíma frumkvæði að stofnun félagsins og stuðningur þess í gegnum árin og enn þann dag í dag hefur verið með ágætum. Það er von okkar að saga félagsins hafi að nokkru komist til skila, að okkar mati hefði til þess þurft fleiri viðtöl við fyrrverandi stjórnarmenn og aðgang að fundargerðarbókumr. Fundargerðarbækur er eitthvað sem við höfum saknað mjög í þessum skrifum, og hvetjum við stjórn félagsins til að koma sér upp veglegri fundargerðarbók sem gæti nýst vel ef saga félagsins verður einhverntímann að fullu skráð. Við höfum engu að síður lært mikið um félagið og hversu góð áhrif það hefur haft út í knattspyrnuna hér á landi og vonum við að það fái að vaxa og dafna sem best í komandi framtíð.

Unnar Þór Garðarsson
Sveinn Þórður Þórðarson

Heimildaskrá

Afmælisblað KPÍ. 1981. „Nokkrir hornsteinar í sögu Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands“ :1-4

Afmælisblað KPÍ. 1981. „Stofnun Evrópusambands knattspyrnuþjálfara“ :25-28

Fótboltinn. 1993. Nóvember hefti

Fréttablað KPÍ. 1971. „Lög Knattspyrnufélags Íslands“ 2.tbl: 20-21

KPÍ. 2001, 15 nóvember. „KPÍ“ Vefslóð: www.isisport.is/felog/kthi/